

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald í Dalvíkurbyggð.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalvíkurbyggð skv. gjaldskrá þessari og reglugerð nr. 402/2001 um fráveitu í Dalvíkurbyggð.

#### 2. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og skal það vera eftirfarandi:

- a) Fráveitugjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 12.000 kr. pr. íbúð og 270 kr. pr. fermetra húss.
- b) Fráveitugjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 30.000 kr. pr. eign og 270 kr. pr. fermetra húss.
- c) Álagning skv. a. og b. málslíðum skal þó aldrei vera hærri en 0,47% eða lægra en 0,25% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Sveitarfélagið annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Dalvíkurbyggð og innheimtir sérstakt rotþróargjald til að standa straum af kostnaði við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár er kr. 11.000.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila hverju sinni.

#### 4. gr.

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 18. desember 2012, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að örlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2013. Jafnframt fellur gjaldskrá um fráveitu í Dalvíkurbyggð nr. 1054/2011 úr gildi.

*Dalvíkurbyggð, 30. nóvember 2012.*

**Svanfríður Inga Jónasdóttir** bæjarstjóri.